

**Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2020****GRT1FÚ05-1**

<b>Kennari</b>	Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is
<b>Viðtalstími</b>	Þriðjudagar kl. 13:00-13:40
<b>Námsefni</b>	<b>Grunnteikning II</b> verkefnamappa fæst í bóksölu FS (Grunnteikning II, Útgefandi lönú, Reykjavík.)
<b>Áfalyring</b>	<p>Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: Flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútfletninga og fríhendssteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, þjálfist í lestri og gerð vinnuteikninga, fríhendsrissteikningu, gerð flatarmynda og útfletninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.</p> <p>Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í flatarteikningu og rúmteikningu. Í flatarteikningu læra nemendur um að skipta línunum og hornum með bogaskurði, um þríhyrninga og flatarmál með teikningu margvíslegra flatarmynda. Nemendur læra að þekkja helstu form hluta eins og strendinga, strýtur, sívalninga og keilur. Í rúmteikningu læra nemendur að teikna fallmyndir út frá mismunandi sjónarhornum, um sniðskorna hluti og að fletja út yfirborð.</p>

<b>Áhöld og efni</b>	<p>T-stika ca. 45 sm. löng, eða (teiknibretti fyrir A3 blöð)          Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór ca. 25 - 30 sm.)          (Reglustika ca. 25 - 30 sm.) Tveir blýantar H og HB          Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (sirkill) Rúðustrikuð blöð (reiknisblöð/rissblöð)</p>
----------------------	--

<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	<p>Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu/tímaverkefnum (viðveru, vinnubrögðum og frágangi) sem gildir 70% og þremur könnunum sem gildir 30%.</p> <p>Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og ná að lágmarki 5,0 úr könnunum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er. Vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf</p> <p>Nemanda ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.</p>
--------------------------------------	--

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur og frágangur	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Undirbúningur fyrir kannanir	3 x 2 klst.	6 klst.
<b>Alls</b>		<b>96 klst. = 5 feín*</b>

<p><b>Þekking</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum.</li> </ul>	<p><b>Hæfni</b></p> <p>Að loknum áfanganum skal nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Miðla og túlka flatarteikningu yfir í þrívíðar myndir á skilvirkan hátt.</li> <li>• Vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum.</li> </ul>
<p><b>Leikni</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesa og gera einfaldar tæknilegar vinnuteikningar</li> <li>• Gera einfaldar þrívíðar teikningar fríhendis í réttum hlutföllum.</li> <li>• Nota teikni- og mælitæki.</li> </ul>	

<b>Reglur áfangans:</b>	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund! Teikniáfangar eru verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemandi ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu.
-------------------------	---

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram:</b>	<p>Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma.</p> <p>Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi hann án námsgagna í tíma.</p> <p>Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma.</p> <p>Nemandi hefur fjóra daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)!</p>
---	--

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf ☺ Sólveig Sveinbjörnsd.

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 24. - 28. ágúst	Kynning á áfanga Flatarteikning	1, 2, 3, 4, 5
<b>2. vika</b> 31. ágúst - 4. sept.	Flatarteikning	6, 7, 8, 9, 10
<b>3. vika</b> 7. - 11. september	Flatarteikning	11, 12, 13,14, 15
<b>4. vika</b> 14. - 18. september	Flatarteikning	18,19 Könnun
<b>5. vika</b> 21. - 25. september	Fallmyndun II	1, 2, 3, 4, 5
<b>6. vika</b> 28. sept. - 2. október	Fallmyndun II	7,8,9,10,12
<b>7. vika</b> 5. -9. október	Fallmyndun II	13,14,16,17
<b>8. vika</b> 12. – 16. október	Fallmyndun II	20,23, 24,25
<b>9. vika</b> 19. - 23. október <b>vetrarleyfi</b>	Fallmyndun II	26,29,32,33,34 Könnun
<b>10. vika</b> 26. - 30. október	Fríhendisteikning II	1,2,3,4,5,6,7
<b>11. vika</b> 2. - 6. nóvember	Fríhendisteikning II	8,10,11,12,13,14
<b>12. vika</b> 9. - 13. nóvember	Fríhendisteikning II	15,16,17,18,18,20,21
<b>13. vika</b> 16. -20. nóvember	Fríhendisteikning II	22,23,24,25,26,27,28
<b>14. vika</b> 23. - 27. nóvember	Fríhendisteikning II	29,30,31,32,33,34,35
<b>15. vika</b> 30. nóv. - 4. desember	Fríhendisteikning II	36,37,38 Möppuskil Könnun